

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur er hér með staðfest samkvæmt 18 gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1997.

Umhverfissráðuneytinu 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið kr. 7.400 skal lagt á hvert sorphílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í sveitarfélaginu, sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 43/1984.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 700/1995 fyrir sorphirðu í Stokkseyrarhreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. janúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Húsavíkurkaupstað árið 1997.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c. staflið samþykktar nr. 567/1991 skal vera kr. 7.600 á árinu 1997.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, en eindagi er 31. maí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 3. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.270 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 6 550 ef til handsömunar kemur aftur.